



Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Endurbætur á tengi- og héraðsvegum, lýsing gatnamóta í Ölfusi.


Í Ölfusi eru margir tengi- og héraðsvegir í misjöfnu ástandi. Í framhaldi af breyttri landnotkun í deifbýli Ölfuss hefur á undanförunum árum orðið mikil uppbygging á svæðinu. Grunnur að eflingu íbúðabyggðar á svæðinu er gott vegasamband. Íbúar stunda í meira mæli atvinnu fjarri heimili og eru því háðir góðum samgöngum. Mikilvægur þáttur í því að styrkja byggð á svæðinu er lagfæring vegakerfisins.

Bæjarstjórn Ölfuss leggur ríka áherslu á að farið verði í endurbætur á tengi- og héraðsvegum í Ölfusi til að auðvelda áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu.

Lýsing fjölfarinna gatnamóta er mikilvægur þáttur í að auka umferðaröryggi. Bæjarstjórn Ölfuss leggur áherslu á að gatnamót á vegi 38-39 Þrengsli-Þorlákshafnarvegur, gatnamót á vegi 39-427 Þrengsli-Selvogur og gatnamót á vegi 34-38 Eyrarbakkavegur-Þorlákshafnarvegur verði lýst.

Sveitarfélagið Ölfus óskar hér með eftir að fjárlaganefnd og samgönguyfirvöld tryggi aukið fjármagn til þessara verka í sveitarfélaginu fyrir árið 2010.

Ölfusi 5. október 2009,


Ólafur Aki Ragnarsson
Bæjarstjóri



SVEITARFÉLAGIÐ

ÖLFUS

VADHUSEI ÖLFUSS - HAFNARBERGI 1 - 815 ÞORLÁKSHÖFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801


Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
150. Reykjavík

Efni: Vegur að hafnarsvæði Þorlákshafnar

Við útboð á fyrsta áfanga Suðurstrandarvegar var gert ráð fyrir tengingu inn á hafnarsvæðið í Þorlákshöfn. Um er að ræða kílómetra sem tengir innkeyrsluna við hafnarsvæðið. Tengingin er mikilvæg til að hægt sé að ljúka framkvæmdum s.s. við fráveitumál og frágang lóða. Auk þess sem um er að ræða megin leið inn á hafnarsvæðið frá þjóðvegi.

Bæjarstjórn Ölfuss leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir á fjárlögum 2010 til að ljúka framkvæmdum við tengingu hafnarsvæðis Þorlákshafnar við þjóðveg.

Ölfusi 5. október 2009,


Ólafur Áki Ragnarsson
Bæjarstjóri





Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Suðurlandsvegur

Bæjarstjórn Ölfuss leggur ríka áherslu á að fjárlaganefnd Alþingis og samgönguyfirvöld tryggi fjármuni til tvöföldunar Suðurlandsvegar. Tvöföldun Suðurlandsvegar mun hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnu- og mannlíf á Suðurlandi. Auk þess mun tvöföldun Suðurlandsvegar auka mjög á öryggi þeirra vegfarenda sem leið eiga um veginn. Tvöföldun Suðurlandsvegar er ein af þeim framkvæmdum sem tilbúin er til útboðs, því er ekki síst mikilvægt að ráðast í framkvæmdina sem fyrst.

Ölfusi 5. október 2009,


Ólafur Áki Ragnarsson
Bæjarstjóri





Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Suðurstrandarvegur


Haustið 2008 hófust framkvæmdir við 33 km kafla Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Krýsuvíkurvegi. Framkvæmdir við veginn ganga vel og eru þær á undan áætlun. Verktaki lagði slitlag á um 16 km kafla frá Þorlákshöfn að Selvogi í lok september. Til þess að ljúka framkvæmdum við veginn á eftir að bjóða út 15 km kafla frá Krýsuvíkurvegi að Ísólfskála. Hönnun og vinnsla útboðsgögn fyrir framkvæmdina er lokið.

Bæjarstjórn Ölfuss lýsir ánægju sinni með að hafnar séu framkvæmdir við Suðurstrandarveg og telur jafnframt að mikilvægt að ljúka framkvæmdinni í heild sinni þannig að hægt sé að nýta veginn. Suðurstrandarvegur mun hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu og opnar aðgengi að landi sem hentar vel undir iðnaðarstarfsemi stóran sem smáan. Þá telur bæjarstjórn framkvæmdina hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Suðurlandi.

Sveitarfélagið hefur auglýst breytingar á aðalskipulagi 2002-2014 þar sem 535 ha atvinnusvæði er sett á skipulag vestan við byggðina í Þorlákshöfn. Með tilkomu Suðurstrandarvegar opnast tækifæri til að bjóða upp á gott byggingarland fyrir atvinnufyrirtæki sem nýtt getur vinnuafl úr Árnessýslu og af Reykjanesi.

Ölfusi 5. október 2009.

Virðingarfyllst,


Olafur Áki Ragnarsson
Bæjarstjóri Ölfuss

Samrit sent:
Vegagerð ríkisins
Samgönguráðuneytinu
Þingmönnum Suðurkjördæmis